

Alþingi
Erindi nr. P 141/1829
komudagur 1.3.2013

From: Guðlaugur Sverrisson [<mailto:guðlaugur@urvinnslusjodur.is>]
Sent: 1. mars 2013 11:24
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: gudrun.thorleifsdottir@fjr.is; sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is
Subject: Athugasemd frá Úrvinnslusjóði vegna frumvarps um breytingar á lögum nr. 55/2003

Berist til formanns Efnahags- og viðskiptanefndar, Helga Hjörvars:

Ætlunin er að breyta úrvinnslugjaldi á allar plastumbúðir sem og heyrúlluplasti í frumvarpi sem nú er til umfjöllunar í nefnd yðar. Í lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 er upphæð úrvinnslugjalds á plastumbúðir ákvarðað í 7 gr.a, en upphæð úrvinnslugjalds á heyrúlluplast í viðauka I í sömu lögum. Eins og frumvafið er núna er eingöngu breytt úrvinnslugjaldi á heyrúlluplasti í viðauka I úr 12 kr/kg í 14 kr/kg.

Greinin hljóðar svo í frumvarpinu:

1. gr.

Í stað „12,00 kr./kg“ í viðauka I við lögin kemur: 14,00 kr./kg.

Lagt er til að bætt verði við frumvarpið breytingu á 1. mgr. 7. gr. a í frumvarpinu:

[Úrvinnslugjald skal leggja á umbúðir gerðar úr papa og pappír, [15 kr./kg],1) og umbúðir gerðar úr plasti, [12 kr./kg].1)]2) Úrvinnslugjald skal leggja á hvort sem umbúðir eru einar sér eða utan um vörur sem fluttar eru til landsins. Úrvinnslugjaldskal lagt á samkvæmt upplýsingum gjaldskylds aðila um þyngd, tegund og samsetningu umbúða, sbr. þó [4. mgr.]3) Þetta á einnig við um samsettar umbúðir.

Í stað “og umbúðir gerðar úr plasti, 12 kr/kg” skal koma “og umbúðir gerðar úr plasti 14 kr/kg.” Þessu þarf að bæta við 1. gr. frumvarpsins. Greinin mun því hljóða svo eftir breytingar.

1. gr.

Í stað „12,00 kr./kg“ í viðauka I við lögin kemur: 14,00 kr./kg. Eftirfarandi breytingar verða á 1 mgr. 7. gr. a. í stað 12,00 kr./kg kemur 14,00 kr./kg.

Er þetta gert til að mæta sjóðstapi og mun sjóður vegna plastumbúða ná jafnvægi á árinu 2015.

Kveðja:
Guðlaugur Gylfi Sverrisson
Verkefnastjóri
Sími 517-4702 GSM 660-4702
guðlaugur@urvinnslusjodur.is